

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri  
Sjávarútvegshúsinu

Reykjavík 1. febrúar 2018

Landssamband smábátæigenda hefur haft til skoðunar tilurð þess að MSC-vottun grásleppuveiða var afturkölluð af vottunarstofunni Tún ehf þann 4. janúar sl. Það er niðurstaða LS að meginástæða ákvörðunar vottunarstofunnar hafi verið skýrsla Hafrannsóknastofnunar um meðafla við grásleppuveiðar árinu 2016.

LS gerir alvarlegar athugasemdir við skýrsluna, sérstaklega tölfræðihluta hennar sem byggður er á ófullnægjandi úrvinnslu gagna. Það er krafa LS að ráðuneytið beiti sér fyrir afturköllun skýrslunnar með það í huga að hún verði endurskoðuð.

Uppreiknaðar verði niðurstöður eftirlitsferða m.t.t.

- Útbreiðslu dýra sem veiddust sem meðafla
- Tímabil sem grásleppuveiðar standa yfir m.t.t. dýra á veiðislóð
- Dýpi sem teista, landselur og útselur veiðast á verði borið saman við dýpi sem net eru lögð á yfir vertíðina
- Fjöldi leyfa á hverju veiðisvæði

### Virðingarfyllt

---

Axel Helgason formaður

---

Örn Pálsson framkvæmdastjóri